

Heiðarsel

Leikskólinn Heiðarsel tók til starfa 8. október 1990. Skólinn er fjögurra deilda og heita deildirnar Bakki, Brekka, Hóll og Hof. Alls dvelja um 94 börn í skólanum á aldrinum tveggja til sex ára. Leikskólinn er opinn frá kl: 7:45-16:15.

Á fjórtánda afmælisdegi leikskólans 8. október 2004 veitti Lýðheilsustöð leikskólanum viðurkenningu fyrir heilsuefningu í skólum, eftir að innra starf skólans var metið. Frá þeim degi varð leikskólinn heilsuleikskóli og fór að starfa eftir heilsustefnunni. Einkunnarorð leikskólans eru:

Hreyfing, næring, listsköpun og leikur



Hreyfistund í sal

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskóla.


Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfi og nemendahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfi á deildum.

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón yfir sérkennslu í leikskólanum og er til ráðuneytis.

Matráðar í eldhúsi sjá um matarundirbúning, gerð matseðla og innkaup á matvöru fyrir leikskólann.



Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og eru þær upplýsingar sem starfsmaður fær um nemanda trúnaðarmál. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu þó að þeir láti af starfi.

Að byrja í leikskóla-aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barn og foreldra þess. Þegar barn byrjar á Heiðarseli eru foreldrar boðaðir í viðtal og þeim kynnt starfsemi leikskólans. Allt er framandi og ókunnugt, því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Til að auðvelda barninu aðlögunina bjóðum við upp á þriggja daga þátttökuaðlögun. Á fjórða degi koma foreldrar með börnin sín og sækja þau á umsömdum dvalartíma. Aðlögunin byggir á þeirri hugmynd að öruggir foreldrar smita eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Jafnframt gefst foreldrum tækifæri til að kynnast öðrum foreldrunum og börnum þeirra.

Þátttökuaðlögun byggir á því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi. Þeir dvelja inn á deild með börnunum allan tímann og taka með beinum hætti þátt í daglegu starfi deildarinnar. Foreldrar fylgja börnum sínum í leik og starfi, skipta á og gefa þeim að borða. Leikskólakennarar skipuleggja aðlögunina þannig að foreldrar kynnist því hvernig dagurinn gengur fyrir sig í leikskólanum.

Dagur 1 - frá 09:00-12:00

Dagur 2 - frá 08:30-15:00

Dagur 3 - frá 08:30-15:00

Dagur 4 - börnin eru sinn vistunartíma í leikskólanum.

Börnin eru öruggari og þeim líður betur í leikskólanum ef foreldrar fylgja þeim og kynnast leikskólanum um leið og þau.

Mikilvægt er að minna á trúnað og þagnarskyldu þar sem ljóst er að með lengri viðveru tímabundið fá foreldrar óbeinar upplýsingar um önnur börn.

Það er ekki leyfilegt að vera með farsíma og leikskólar Reykjanesbæjar eru reyklausir.

Starfsgrundvöllur leikskóla

Leikskólastarf á Íslandi byggist á lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út af Menntamála-ráðuneytinu 2011. Leikskóli er lögum samkvæmt uppeldis- og menntastofnun, skóli þar sem börnin læra og þroskast í leik. Leikskólauppeldi er sérstakt uppeldi og mikilvæg viðbót við uppeldi foreldra.

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólauppeldi. Þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Námssviðin skarast og eru þau samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs, leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Á Heiðarseli er leitast við að sinna öllum námssviðunum. Frekari upplýsingar um námssviðin er að sjá í aðalnámskrá leikskóla 2011.

Leikskólanám

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, það er að efla mikilvægustu þroskaþættina sem samtinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþæfni, fegurðarskyn og sköpunarþæfni, siðgæði og siðgæðisvitund.

Nám í leik

Leikurinn er í allri sinni fjölbreytni kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskóla-kennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna.



Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra.

Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skapa og skilja er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni.

Nám í daglegu lífi leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna, til dæmis í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu.

Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er því leið barnsins til náms og kennsluáðferð leikskólakennarans. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er talinn „leikur leikjanna“ þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að börn læra mest í gegnum leikinn. Á Heiðarseli er mikil áhersla lögð á opinn efnivið eins og leir, kubba og fjölbreytni í hlutverkaleik.



Sérstakar áherslur í starfi Heiðarsels

Leikskólinn Heiðarsel starfar samkvæmt lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla. Til að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram, höfum við valið okkur ákveðnar leiðir sem umgjörð utan um starfið. Á hverjum degi fær frjáls og skipulagður leikur að njóta sín. Heiðarsel er heilsuleikskóli og starfar samkvæmt heilsustefnunni, markmið skólans eru að auka vellíðan barnanna með áherslu á leik, hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi.

Hreyfing

Hreyfing skipar stóran sess í starfi heilsustefnunnar. Yfir vetrartímamann fara öll börn í skipulagða hreyfingu tvisvar í viku. Íþróttakennarar sjá um og skipuleggja hreyfistundirnar. Unnið er með ákveðið þema eina viku í senn. Útivera eykst yfir sumartímamann með leikjum, gönguferðum og hreyfivikum í maí/júní.

Næring

Rannsóknir sýna að mataræði og næringarástand barna hefur áhrif á heilsu þeirra, þroska, vöxt og alhliða líðan. Heilsuleikskólar kappkosta því að auka velferð barna með góðri næringu og hefur Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur sett sér næringarstefnu sem unnin er af næringarfræðingi og lýðheilsufræðingi í takti við opinberar ráðleggingar um mataræði og næringarefni. Þar sem næringarefni koma úr mismunandi matvælum er fjölbreytni í fæðuvali í hávegum höfð í Heilsuleikskólum auk þess sem mikil áhersla er lögð á að elda allan mat frá grunni. Með fjölbreytni að leiðarljósi er passað upp á að ráðlögðum dagskammti (RDS) sé náð og stuðlar fjölbreytnin um leið að heilbrigðum matarvenjum barnanna til framtíðar. Því fylgjum sameiginlegum 8 vikna matseðli þar sem hver dagur og hver vika er hugsuð sem næringarleg heild.



Megináhersla er lögð á að:

- Borða hollan, fjölbreyttan, næringarríkan og rétt samsettan mat
- Auka grænmetis- og ávaxtaneyslu
- Efla heilsulæsi og þekkingu barnanna varðandi hollustu og óhollustu matar
- Stuðla að heilbrigðum matarvenjum barnanna til framtíðar

Listsköpun

Listsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill sem getur stuðlað að gleði og vellíðan. Listsköpun er einn af áherslupáttum heilsustefnunnar og er markvisst unnið með þann þátt. Áhersla er lögð á að auka hugmyndaflug barna, að þau kynnist fjölbreytileika í efnivið auk þess sem þau læra að skynja umhverfið.

Leikurinn

Frjáls leikur er nám og af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar og færni. Unnið er að því að auka félagsfærni barnsins og samleik með öðrum börnum, einnig að barnið læri einfaldar samskiptareglur. Barninu er gefið tækifæri á að prófa nýja hluti í gegnum leik og auka úthald sitt í leik og viðveru. Frjáls leikur er notaður í hópastarfi og á leiktíma þar sem notast er við viðfangsefni sem hæfa þroska, áhuga og getu hvers og eins.

Málrækt/Stærðfræði

Málrækt og stærðfræði eru tveir af áherslupáttum í starfi Heiðarsels. Lögð er áhersla á að ritmálið, bæði bók- og tölustafir séu sýnilegir og fléttast málörvun og stærðfræði inn í alla þætti starfsins, svo sem vinnustundir, matmálstíma, útiveru og í heimakrók.



Við örvum barnið til frásagnar með opnum spurningum, lesum mikið, syngjum, segjum sögur, förum með þulur og ljóð til að barnið kynnist margbreytileika tungumálsins. Hljóða/ stafainnlög er fyrir öll börn í gegnum leik.

Tónlist

Tónlist er hluti af daglegu starfi leikskólans. Nemendur fara í tónlistartíma einu sinni í viku yfir vetrartímamann hjá tónmennta-kennara. Á mánudagsmorgnum hittast allir í sal og syngja saman auk þess sem mikið er sungið alla daga.

Heilsubók

Í tengslum við heilsustefnuna er skráð í Heilsubók. Öll börn sem byrja á Heiðarseli fá sína bók. Bókin inniheldur skráningarblöð er varða ýmsar upplýsingar um barnið eins og heilsufar, hæð og þyngd, félagslega færni og hreyfigetu. Skráð er í bókina með leyfi foreldra tvisvar á ári, vor og haust. Bókin er eign barnsins þegar leikskóladvöl lýkur.

Daglegt líf

Athafnir daglegs lífs í leikskólum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnsins og heilsu þess. Markmiðið er að barnið verði sjálfbjarga.

Dagskipulag

Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi, sem er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri.

Dagskipulagið á Heiðarseli

07:45 Leikskólinn opnar

08:00-11:30 Morgunmat, vinnustundir, hreyfing, frjáls leikur, ávaxta/grænmetisstund, útivera.

11:30 -13:00 Hádegismatur, samverustund- hvíld- útivera.

13:00-14:20 Hreyfing, vinnustundir, frjáls leikur úti og inni.

14:20-16:15 Síðdegishressing, ávaxta/grænmetisstund, frjáls leikur og útivera.

16:15 Leikskólinn lokar.




Að koma og fara

Lögð er áhersla á að taka á móti hverju barni svo það finni sig velkomið í leikskólann. Tekið er á móti börnum inni á deildum. Þegar börnin eru sótt eru þau inni á deildum, í sal eða á útisvæði. Það hefur sýnt sig að þau börn sem mæta reglulega í leikskólann eru mun ánægðari og öruggari í skólanum og líður þar af leiðandi mun betur. Ef barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða annarra ástæðna, vinsamlegast látið okkur vita vegna skráningar í Heilsubók barnsins. Leikskólinn er vinnustaður barnanna, foreldrar eru því vinsamlegast beðnir um að hafa börnin heima ef þau eru veik. Nauðsynlegt er að foreldrar láti starfsfólk vita þegar þeir koma með eða sækja barnið í leikskólann.

Borðhald

Áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum, ávaxta/grænmetisstundir eru á hverjum degi. Leikskólakennarar matast með börnum inni á deildum þar sem áhersla er lögð á að þau læri almenna borðsiði og eru hvött til að smakka. Börnin leggja sjálf á borð og sækja matinn í eldhúsið. Þau skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt, aðstoða hvert annað og ganga frá, yngstu börnin að því marki sem geta þeirra og þroski leyfir. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis, sjálfsbjargar og að læra samvinnu. Í hverjum fataklefa er tafla þar sem hægt er að fylgjast með matseðli dagsins/vikunnar. Matseðilinn er einnig hægt að sjá á heimasíðu leikskólans. Matseðlar geta breyst vegna óviðráðanlegra orsaka.



Svefn og hvíld

Hvíldin er mikilvæg í leikskólanum og undirstaða þess að barninu líði vel yfir daginn. Eftir hádegisverð er hvíldartími, yngri börnin hlusta á rólega tónlist og sofa en eldri börnin eiga kyrrláta stund, teikna, hlusta á sögu eða tónlist og fá því góðan hvíldartíma án svefns. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni.

Hreinlæti

Hreinlæti er liður í uppeldisstarfinu, börnin fá aðstoð við að tileinka sér góðar venjur eins og að þvo hendur fyrir máltíðir, eftir útiveru og salernisnotkun. Þannig þroska börnin með sér heilbriggt viðhorf til líkama síns og umhirðu hans.

Vinnustundir

Vinnustundir eru fjórum sinnum í viku yfir vetrartímann. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri þar sem verkefni og vinna er miðuð við hvern aldursból. Margt er í boði eins og; málörvun, stærðfræði, myndlist, tónlist, lestur, könnunarleikur, hreyfing í sal, leikir, útivera og vettvangs/gönguferðir.

Samverustundir

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félagsþroska og málörvun. Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið með vísur og þulur, farið í leiki og talað saman. Börnin tjá sig og læra að hlusta á aðra. Unnið er með fræðslu tengda menningu og listum eins og umfjöllun um heiti daga, mánaða og einnig er veðráttan og tíðarfarið rætt í tengslum við árstíðirnar.

Að klæða sig í og úr

Það að klæða sig í og úr er liður í námi barnsins í leikskólanum, börnin klæða sig að mestu sjálf þegar ákveðnum þroska er náð en fá þá hjálp sem þau þarfnast. Þetta eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfsmynd.

Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi jafnt sumar sem vetur. Einn af aðaláhersluþáttum heilsustefnunnar er útivera. Þar sem íslenskt veðurfar getur stundum verið rysjótt leggjum við áherslu á að börnin kynnist veðráttunni eins og hún er og fari út minnst einu

sinni á dag. Börn sem eru mikið inni eru oft kulsælli og viðkvæmari en þau börn sem eru vön útiveru. Við viljum benda á að útivera er holl öllum heilbrigðum börnum og ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyrá. Mikilvægt er að börnin séu klædd í samræmi við veður og einnig að þau hafi næg aukaföt.

Vettvangsferðir



Vettvangsferðir eru hluti af útiveru, þær auka víðsýni barna og koma þeim í tengsl við umhverfi sitt og menningu. Ferðirnar eru bæði stuttar og langar, allt eftir aldri og þroska barnanna. Hjá eldri börnum skólans tengjast þær oft sögunni um Gogga og Valla á ferð og flugi í Reykjanesbæ sem er eftir kennara leikskólans.

Hagnýtar upplýsingar

Dvalargjöld

Vistgjöld eru greidd fyrirfram, fyrir einn mánuð í senn og lækka ekki þó barn sé fjarverandi. Foreldrar geta valið hvort greitt er með greiðslukorti eða í gegnum greiðsluþjónustu banka. Veittur er systkinaafsláttur ef fleiri en eitt barn úr sömu fjölskyldu dvelja í leikskóla eða þegar yngra systkini hefur náð 9 mánaða aldri. Fyrir fyrsta barn er greitt 100%, annað barn 50% og frítt fyrir þriðja barn. Einnig er veittur afsláttur fyrir einstæða foreldra og námsmenn samkvæmt reglum Reykjanesbæjar. Skuldi foreldrar þrjá mánuði eða meira eiga þeir á hættu að barnið missi plássíð. Uppsagnarfræstur er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Uppsagnir og breytingar á dvalarsamningi fara fram hjá leikskólastjóra á sérstökum eyðublöðum.

Breytingar á högum

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna til leikskóla breytingar á högum sínum, svo sem breytt heimilisfang, símanúmer, tölvupóstur og breytta hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að foreldrar láti deildarstjóra vita um alvarleg veikindi eða dauðsfall í fjölskyldu barnsins.

Börn að sækja börn

Samkvæmt tilskipun frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar er börnum undir tólf ára aldri ekki heimilt að sækja börn í leikskólann. Foreldrar eru beðnir að virða þessa reglu.



Fatnaður

Leikskólinn er vinnustaður barnanna, því er nauðsynlegt að börnin séu í fatnaði sem gerir þeim kleift að taka þátt í öllu starfi leikskólans hvort sem það er hreyfing, málningarvinna eða útivera. Gæta þarf að útifatnaður sé alltaf í samræmi við veður. Nauðsynlegt er að börnin hafi alltaf með sér aukafatnað sem tekur mið af breytilegu veðri og ef óhöpp eiga sér stað. Í lok hvers dags þarf að ganga frá hólfi barnsins þannig að allt sé í fatakassanum en í honum eiga að vera föt til skiptanna fyrir barnið. Fatakassinn kemur í stað töskunnar og er það á ábyrgð foreldra að passa uppá að ekki vanti í kassann. Hólfir þurfa að vera aðgengileg fyrir hreingerningarfólk. Öll hólf þarf að tæma á föstudögum.

Munið að merkja fatnað barnanna!

Afmælisdagur barnsins

Afmælisdagur barnsins er stór dagur í lífi þess. Barnið gerir sér kórónu og heldur upp á afmælið á deildinni þar sem það fær að velja sér lag sem er sungið er fyrir það. Barnið fær að vera hjálparkokkur þennan dag.

Það er ekki í boði að dreifa boðskortum í afmæli heima fyrir í leikskólanum.



Afmæli leikskólans

Haldið er upp á afmæli leikskólans 8. október ár hvert.

Myndamappa að heiman

Það vekur oft öryggiskennd hjá barni að hafa með sér eitthvað að heiman í leikskólann. Til að uppfylla þá öryggiskennd viljum við biðja foreldra að koma með í leikskólann plastmöppu og plastvasa og vera búin að setja í þá myndir af þeim sem eru nánastir barninu. Það veitir börnunum oft öryggiskennd að geta skoðað myndir t.d. af foreldrum, ömmum og öfum eða systkinum sínum. Börnin geta skoðað möppurnar sínar að vild.

Óhöpp-slys

Leikskólinn er ábyrgur fyrir barninu þann tíma sem það dvelur þar. Detti barn hjá okkur eða meiði sig á annan hátt er haft samband við foreldra svo þeir geti farið með barnið til læknis, náist ekki í foreldra fer kennari með barnið.

Lyf og lyfjagjöf

Samkvæmt reglum leikskóla í Reykjanesbæ eru eingöngu gefin lyf samkvæmt skriflegum fyrirmælum frá lækni (t.d. astma-, ofnæmis- og ofvirknilyf). Sýklalyf sem börn taka í stuttan tíma, á öllu jöfnu ekki að þurfa að gefa í leikskólanum. Æskilegt er að foreldrar hagi lyfjagjöf barna sinna þannig að leikskólinn þurfi ekki að bera ábyrgð á henni.

Leikskólinn lokaður

Starfsfólk í leikskólum Reykjanesbæjar á rétt á fimm skipulagsdögum, Dagarnir eru nýttir til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starfið. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum sem eru auglýstir með mánaðar fyrirvara og á skóladagatali leikskólans. Einnig eru fjórir skertir dagar á ári vegna starfsmannafunda. Leikskólinn er lokaður fimm vikur á ári vegna sumarleyfa. Leikskólar Reykjanesbæjar skiptast á sumarleyfistímanum þannig að aldrei er

lokað á sama tíma tvö ár í röð. Lokað er á aðfangadag og gamlárstag.

Viðtalstímar

Leikskólastjóri og deildarstjórar hafa ekki fastan viðtalstíma en foreldrar geta ávallt fengið viðtal ef þeir óska þess.

Sérfræðipjónusta- yfirumsjón

Málefni leikskóla heyra undir Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Leikskólafulltrúi hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Sérkennslufulltrúi hefur yfirumsjón með sérkennslubörnum. Fræðsluskrifstofa sinnir ráðgjöf og eftirliti með leikskólum Reykjanesbæjar. Sálfræðingur og talmeinafræðingur sinna leikskólum eftir þörfum með ráðgjöf og greiningu. Sími Fræðsluskrifstofu er 421-6700.

Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og góðum samskiptum. Við hvetjum foreldra til að taka þátt í því samstarfi sem boðið er upp á hverju sinni. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og taka þátt í starfinu.

Foreldraviðtöl

Tilgangur foreldraviðtala er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barn, líðan þess og þroska þar sem farið er yfir þætti Heilsubókar. Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári, að vori og að hausti. Foreldrar geta óskað eftir viðtali oftast ef þeir vilja.

Heimasíða

Leikskólinn er með heimasíðu þar sem veffangið er <http://heidarsel.is> Á heimasíðunni er að finna almennar upplýsingar um starf leikskólans. Myndir eru settar inn af viðburðum sem eru innan skólans auk þess eru settar inn fréttir úr starfinu. Matseðlar eru settir inn fyrir

hverja viku senn. Foreldrar eru hvattir til þess að heimsækja heimasíðuna reglulega til að fylgjast með starfi leikskólans.

Skráningakerfi karellen

Til að skrá viðveru, næringu og svefn barnanna í leikskólanum notumst við við skráningarkerfið karellen. Þar skráum við börnin inn þegar þau mæta í leikskólann og út þegar þau eru sótt. Við setjum inn matseðil vikunnar og skráum hvernig þau borða morgunmat, hádegismat og nónhressingu. Svefn er mjög mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og er hann einnig skráður.

Foreldrar fá aðgang að karellen og geta því fylgst með viðveru, næringu og svefni barnanna sinna á heimasíðu karellen <http://my.karellen.is> eða með því að ná í appið.

Þegar komið er inn á karellen skráið þið inn netfangið sem þið hafið gefið okkur upp og virkið aðgang ykkar.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi á Heiðarseli, allir nýir foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélaginu. Markmið félagsins er að efla tengsl milli foreldra og kennara leikskólans, að stuðla að sem bestri samvinnu milli þessara aðila til að tryggja sem best velferð barna á Heiðarseli. Foreldrafélagið er einnig hugsað sem skemmtifélag þar sem foreldrarnir hittast með börnin fyrir utan leikskólann. Foreldrafélagið innheimtir árgjald að hausti, það er sama gjald á öllum leikskólum bæjarins. Gjaldið er nýtt í þágu barnanna. Aðalfundur félagsins er haldinn að hausti ár hvert.

Opið hús

Foreldrum er boðið í leikskólann á sumarhátíð, í jólasamveru og við ýmis önnur tækifæri. Þar gefst foreldrum tækifæri á að eiga stund með börnum sínum og vinum þeirra í leikskólanum auk þess að kynnast öðrum foreldrum.

Upplýsingatafla

Upplýsingar um hvað barnið hefur verið að gera yfir daginn er að finna á upplýsingatöflu í fataklefum á deildum. Upplýsingar um upptökur innan leikskólans er að finna á upplýsingatöflu við hverja deild, á heimasíðu, í skólalagatali og fréttabréfum.

Lokaorð

Við vonum að kynningarbæklingurinn hafi verið til þess að þið fenguð innsýn í starfið hér á Heiðarseli.

Með von um gott og ánægjulegt samstarf.
Starfsfólk Heiðarsels.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann okkar



Börn af Heiðarseli í vettvangsferð á bókasafni Reykjanesbæjar